



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 2. nóvember, 2007

Ákvörðun nr. 60/2007

Kvörtun 365 hf. á samningi sem Ríkisútvarpið ohf. og Árvakur hf. gerðu við Capacent Gallup.

I.

Erindið og málsmeðferð

1.

Með erindi, dags. 18. apríl 2007, sem barst Samkeppniseftirlitinu þann 20. apríl s.á., kvartaði 365 hf. yfir samningi sem Ríkisútvarpið ohf. (RÚV) og Árvakur hf. (Árvakur) gerðu við Capacent Gallup um gerð og birtingu vikulegra skoðanakannana á fylgi stjórnmalaflokkanna í aðdraganda alþingiskosninganna, sem fram fóru þann 12. maí sl. Taldi 365 að umræddur samningur stæðist ekki ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. einnig ákvæði laga nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. Gerði 365 þá kröfu að Samkeppniseftirlitið gripi til aðgerða í formi ákvörðunar á grundvelli 16. og/eða 14. gr. samkeppnislaga, enda væri samningurinn til þess fallinn að skekkja samkeppni á dagblaðamarkaði, á þann hátt að ekki væri við unað.

2.

Með bréfum, dags. 3. maí 2007, var RÚV og Árvakri tilkynnt að framangreint erindi hefði borist Samkeppniseftirlitinu. Við mat á því hvort taka ætti erindið til rannsóknar óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að RÚV og Árvakur myndu skila umsögnum um málið á grundvelli 9. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Frestur til að skila umsögnunum var veittur til 10. maí 2007. Sá frestur var síðar framlengdur til 21. maí.

Þann 16. og 21. maí 2007 barst Samkeppniseftirlitinu umsögn Árvakurs. Í umsögninni kemur fram að Árvakur telji að eins og málalíbúnaður 365 sé settur fram þá beinist kvörtun fyrirtækisins að RÚV en ekki að Árvakri. Þar af leiðandi sjái Árvakur ekki ástæðu til að koma að sérstökum athugasemdum en áskilji sér þó rétt til þess á seinni stigum málsins.

Sama dag barst umsögn RÚV ásamt afriti af samningnum sem RÚV og Árvakur gerðu við Capacent Gallup og útprentun úr hluta af ársskýrslu 365.

Í umsögn RÚV kemur fram að samkvæmt samningnum hafi verið gert ráð fyrir vikulegum könnunum á fylgi flokka og málefni/leiðtogafylgi, kjördæmakönnunum í öllum kjördæmunum sex og daglegum könnunum á fylgi flokka síðustu vikuna fyrir kosningar. Var gert ráð fyrir því að báðir fjölmiðlarnir skyldu, hvor fyrir sig, kynna kannanaröðina ítarlega með greinaskrifum, fréttum og þáttgerð.



Heildargreiðslan fyrir samninginn hafi verið *kr. ...*,¹ sem skiptist þannig að RÚV og Árvakur greiddu, hvort félag um sig, *kr. ...*,² í peningum og *kr. ...*,³ í auglýsingum miðað við viðskiptaafslætti þeirra. RÚV tekur sérstaklega fram að aðilar hafi sammælst um gerð samningsins eftir að í ljós hafi komið að bæði RÚV og Árvakur hefðu, sitt í hvoru lagi, óskað eftir því við Capacent Gallup að fyrirtækið myndi framkvæma sambærilegar skoðanakannanir í aðdraganda kosninganna.

RÚV hafnar því alfarið að umræddur samningur brjóti gegn b-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Samkvæmt ársskýrslu 365 frá 2006 sem RÚV lagði fram með umsögn sinni hafi Fréttablaðið (blað í eigu 365) haft yfirburðastöðu á íslenskum dagblaðamarkaði á árinu 2006. Þá hafi markaðshlutdeild Fréttablaðsins aukist enn á fyrstu mánuðum ársins 2007 frá fyrstu mánuðum ársins 2006. Að mati RÚV væri því augljóst að umræddur samningur, að teknu tilliti til umfangs og verðmætis hans annars vegar og stærðar 365 á markaði fyrir dagblöð hins vegar, væri hvorki til þess fallinn að hafa, né hafi hann haft, skaðleg samkeppnisleg áhrif á dagblaðamarkaði. Því væri engin ástæða til aðgerða af hálfu Samkeppniseftirlitsins á grundvelli b-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Auk þess bendir RÚV á að 365 hafi birt í fréttamiðli sínum helstu niðurstöður umræddra kannana, um leið og þær komu fram, án þess að óskað hafi verið sérstaks leyfis til þess.

RÚV bendir jafnframt á að birting skoðanakannana í aðdraganda alþingiskosninga falli ótvírætt undir rekstur útvarpsþjónustu í almannapágu eins og hún væri skilgreind í 3. gr. laganna um Ríkisútvarpið ohf. nr. 6/2007, sbr. einkum 2. og 7. tl. 2. mgr. laganna.

Ennfremur kveður RÚV að með umræddum samningi hafi verið hægt að ná fram ákveðinni fjárhagslegri hagkvæmni fyrir RÚV. Þau hagkvæmu rekstrarlegu sjónarmið, sem hafi legið til grundvallar við gerð samningsins, hafi því verið í beinu samræmi við þær skyldur sem gera verði til RÚV.

3.

Þann 1. júní 2007 barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá lögmanni 365 með fyrirspurn um stöðu málsins.

Þann 11. júní 2007 sendi Samkeppniseftirlitið lögmanni 365 bréf, ásamt afriti af umsögnum RÚV og Árvakurs, þar sem trúnaðarupplýsingar höfðu verið felldar á brott. Í bréfinu er óskað eftir því að 365 veitti Samkeppniseftirlitinu nánari umsögn um það að hvaða leyti félagið teldi umræddan samning fela í sér brot gegn samkeppnislögum. Frestur var veittur til 19. júní 2007. Sá frestur var síðar framlengdur til 26. júní 2007.

Þann 25. júní 2007 barst umsögn 365 um athugasemdir RÚV og Árvakurs. Þar kemur m.a. fram að til þess að komast hjá samkeppnisreglum verði RÚV að sýna fram á að umræddur samningur við Árvakur hafi verið nauðsynlegur til að inna af

¹ Fella út vegna trúnaðar.

² Fella út vegna trúnaðar.

³ Fella út vegna trúnaðar.



hendi þá þjónustu í almannapágu sem stofnuninni væri falin að lögum. Þetta skilyrði teldi 365 ekki uppfyllt, því þrátt fyrir hagkvæmni þá gæti samningurinn eftir sem áður falið í sér brot á samkeppnisreglum. Lykilatriðið í þessu máli væri að umræddur samningur hafi ekki verið nauðsynlegur til að RÚV gæti sinnt lögbundnum skyldum sínum sem útvarp í almannapágu. Jafnframt mótmælti 365 því að fyrirtækið hefði ekki borið skaða af samningnum. Þrátt fyrir að hafa birt niðurstöður kannananna í Fréttablaðinu hefði blaðið einungis haft aðgang að þeim upplýsingum sem Árvakur og RÚV hefðu birt í sínum fjölmiðlum. Fréttablaðið hafi alltaf birt niðurstöður kannananna á eftir hinum fjölmiðlunum. Ennfremur teldi 365 að RÚV hafi nýtt fjárhagslegt forskot sitt til að raska þeirri samkeppni sem 365 veitti. 365 ítrekaði að félagið teldi að um hafi verið að ræða athöfn opinbers aðila sem hefði haft skaðleg áhrif á samkeppni. Jafnframt þessu ítrekaði félagið fyrri kröfu sína um að Samkeppniseftirlitið framkvæmdi athugun á tilhögun fjárhagslegs aðskilnaðs innan RÚV og hvort fjármagn frá ríkinu hefði mögulega verið nýtt til að kosta gerð kannana Capacents Gallups og lækka þannig kostnað Árvakurs við kaup á slíkum könnunum.

4.

Þann 22. ágúst 2007 sendi Samkeppniseftirlitið bréf til Árvakurs og RÚV og veitti þeim frest til að skila inn frekari athugasemdum ef einhverjar væru með vísan til 11. gr. málsmeðferðarreglnanna. Frestur var veittur til 5. september 2007. Sá frestur var síðar framlengdur til 14. september 2007.

Þann 13. september 2007 bárust Samkeppniseftirlitinu athugasemdir RÚV. Í athugasemdunum kemur m.a. fram að skv. b-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga geti Samkeppniseftirlitið gripið til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunni að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna. Jafnframt bendir RÚV á að ekkert væri því til fyrirstöðu að opinberir aðilar gerðu samstarfssamninga við aðra aðila í því skyni að ná fram eðlilegri rekstralegri hagkvæmni, svo sem í þessu tilviki, ef þess væri gætt að hlutaðeigandi samningar væru ekki til þess fallnir að hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Að mati RÚV hafi umræddur samningur ekki slík áhrif. Ef hann verði talinn andstæður samkeppnislögum feli það í sér að RÚV verði með öllu óheimilt að gera samninga við einkaaðila, sem feli í sér eðlilega rekstrarhagkvæmni, jafnvel þó að slíkir samningar séu ekki til þess fallnir að hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Ennfremur er það mat RÚV að 365 noti umræddan samning sem „tylliástæðu“ til að fá álit samkeppnisyfirvalda á lögmæti þeirra samninga sem RÚV kynni að gera við einkaaðila. Í því samhengi er vísað í umsögn 365 þar sem segði að 365 teldi rétt að Samkeppniseftirlitið skeri úr um réttmæti samninga í þessa veru, þannig að komið yrði í veg fyrir frekara tjón 365 og hugsanlega annarra aðila á markaðnum í framtíðinni vegna áþekkra samninga. Að mati RÚV fáið þessi málalítilbúnaður ekki staðist. Við mat á því hvort stjórnslukæra 365 gefi tilefni til rannsóknar verði að gera þá kröfu að umþrættur samningur, sem slíkur, bendi sannanlega til samkeppnislagaþrots. 365 geti ekki óskað eftir „almennu álit“ samkeppnisyfirvalda á lögmæti samninga sem RÚV geri. Þessu til hliðsjónar vísar RÚV til 9. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins þar sem fram



komi að þegar verið sé að meta hvort hefja skuli rannsókn, eigi m.a. að líta til þess „hvort meint brot eða samkeppnishömlur virðist vera alvarlegar“.

RÚV kveðst jafnframt áréttta að ekkert verði ráðið af málsatvikum sem gefi neitt tilefni til þess að Samkeppniseftirlitið rannsaki hvernig staðið sé að fjárhagslegum aðskilnaði í rekstri félagsins.

Engar athugasemdir bárust frá Árvakri.

5.

Þann 19. september 2007 sendi Samkeppniseftirlitið bréf til 365 ásamt afriti af athugasemdum RÚV. 365 var með vísan til 11. gr. málsmeðferðarreglnanna veittur frestur til til 1. október 2007 til að skila inn frekari athugasemdum ef einhverjar væru. Að því loknu yrði málið tekið til ákvörðunar.

Þann 1. október sl. bárust Samkeppniseftirlitinu athugasemdir 365. Í þeim athugasemdum er m.a. vísað til fyrri athugasemda 365 og þær ítrekaðar. Ennfremur hafnar 365 mati RÚV um að umræddur samningur hefði ekki haft skaðleg áhrif á samkeppni og ítrekar það sem fram hafi komið í athugasemdum félagsins frá 25. júní 2007. Jafnframt er mótmælt þeirri staðhæfingu RÚV að verið sé að nota samninginn sem tylliástæðu til að fá álit Samkeppniseftirlitsins á lögmæti samninga í þessa veru.

II.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins

1.

Í máli þessu er deilt um hvort að samningur sem RÚV og Árvakur gerðu við Capacent Gallup um gerð og birtingu vikulegra skoðanakannana á fylgi stjórnmalaflokkanna í aðdraganda alþingiskosninganna sl. vor standist ákvæði samkeppnislaga, sbr. einnig ákvæði laga nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf.

Að mati 365 raskar samningurinn samkeppni á dagblaðamarkaði. Telur 365 það ekki samræmast 16. gr. samkeppnislaga að RÚV noti ríkisstyrk sinn í samstarfi við Árvakur og niðurgreiði þar með kaup Árvakurs á nefndum könnunum. Kveður 365 umræddan samning ekki nauðsynlegan til að RÚV geti sinnt lögbundnum skyldum sínum sem útvarp í almannapágu. Þá fær 365 ekki séð að lög nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. heimili RÚV á neinn hátt að hagnýta ríkisstyrk sinn með þeim hætti að það komi Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, sem sé keppinautur 365, til góða í samkeppni við 365.

Að mati RÚV er umræddur samningur, að teknu tilliti til umfangs og verðmætis samningsins annars vegar og stærðar 365 á markaði fyrir dagsblöð hins vegar, ekki til þess fallinn að hafa skaðleg áhrif á dagblaðamarkaði. Sé því ekki tilefni til aðgerða á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga. Þá bendir RÚV á að birting skoðanakannana í aðdraganda alþingiskosninga falli ótvírætt undir rekstur útvarpsþjónustu í almannapágu sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið. Einnig vísar RÚV til þess að þar sem félagið sé opinbert félag verði að gera þá kröfu að



rekstur þess sé eins hagkvæmur og við verði komið. Með umdeildum samningi hafi verið náð fram fjárhagslegri hagkvæmni fyrir RÚV.

2.

Á 131. löggjafarþingi var af hálfu menntamálaráðherra lagt fram frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á rekstarumhverfi RÚV. Þannig var gert ráð fyrir því að leggja niður ríkisstofnunina RÚV og að nýtt sameignarfélag tæki við rekstri þess. Ennfremur var mælt með afnámi afnotagjalda og lagt til að rekstur félagsins yrði eftir það grundvallaður á sérstökum skatti, sem lagður yrði á einstaklinga og lögaðila, auglýsingatekjum og öðrum tekjum.

Frumvarpið breyttist talsvert í meðförum þingsins eftir að það var lagt fram af menntamálaráðherra. Í umsögn menntamálanefndar voru gerðar athugasemdir við fjögur atriði. Í fyrsta lagi var talið að skilgreining á útvarpi í almannajónustu væri of víðtæk. Í öðru lagi taldi nefndin að heimild hins nýja félags til að taka þátt í starfsemi sem ekki teldist útvarpsþjónusta í almannabágu væri of víðtæk. Í þriðja lagi gerði nefndin athugasemdir við þann hluta frumvarpsins sem gerði félaginu kleift að taka að sér sérverkefni frá stjórnvöldum þrátt fyrir að þau skiluðu ekki arði. Í fjórða lagi gerði nefndin athugasemdir við ákvæði er vörðuðu yfirtöku hins nýja félags á réttindum starfsmanna.

Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu, en á grunni þess og með þeim breytingum sem að framan eru rakin, var á 133. löggjafarþingi lagt fram nýtt frumvarp til laga um Ríkisútvarpið.

Í því frumvarpi kemur fram að þann 23. apríl 2004, gaf Samkeppnis- og ríkisstyrkjadeild EFTA (ESA) út leiðbeinandi reglur um ríkisstyrki á sviði útvarps almannajónustu. Í kjölfarið hófst athugun ESA á fjármögnun og rekstri RÚV á grundvelli 1. mgr. 17. gr. í II. hluta 3. bókarar viðaukasamnings við EES-samninginn um eftirlit og dómstólameðferð.

Þá segir að þann 3. júní 2005 barst íslenskum stjórnvöldum tilkynning ESA skv. 2. mgr. 17. gr. í II. hluta 3. bókarar fyrrgreinds viðaukasamnings við EES-samninginn um eftirlit og dómstólameðferð, þar sem gerð var grein fyrir bráðabirgðamati ESA varðandi fjármögnun og rekstur RÚV. Athugasemdir ESA tóku bæði til þágildandi laga um Ríkisútvarpið og áður nefnds lagafrumvarps.

Á fundi sem haldinn var til að fara yfir bráðabirgðaniðurstöðu ESA kom fram að rekstrarformið sameignarfélag í eigu íslenska ríkisins væri ekki til þess fallið að leysa úr þeim vandamáli sem leiddu af ótakmarkaðri ábyrgð ríkisins á skuldbindingum RÚV sem ríkistofnunar.

Að mati ESA skapaði ákvörðun, álagning og innheimta útvarpsgjalds RÚV skv. frumvarpinu efnahagslegt forskot á keppinauta. Þessa forskots nyti stofnunin ekki við eðlilegar markaðsaðstæður. Þetta væri andstætt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Samkvæmt dómafordæmum Evrópudómstólsins gæti slíkt forskot í samkeppni ekki viðgengist nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.



Niðurstaða ESA var að 1. gr. frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf. fæli það í sér að ríkissjóður kæmi til með að bera ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins. Þrátt fyrir greiðslu RÚV á svonefndu ríkisábyrgðargjaldi skv. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir nr. 121/1997, yrði ekki komist hjá þeirri niðurstöðu að telja ríkisábyrgð á skuldbindingum RÚV fela í sér ólögmetan ríkisstyrk.

Í ríkisstyrkjareglum ESA koma fram viðmið um svigrúm ríkisrekinnar útvarpsfyrirtækja til þátttöku í samkeppnisrekstri á almennum markaði með tilliti til samkeppnisreglna EES-samningsins. Meðal skilyrða er að útvarpsþjónustan sé skilgreind (í lögum) sem þjónusta sem varði almenna efnahagslega þýðingu, að stjórnvöld hafi skýrlega falið fyrirtækinu að reka útvarpsþjónustu, að beiting samkeppnisreglna myndi hindra fyrirtækið í að sinna framangreindum skyldum sínum og að undantekning frá samkeppnisreglum standi ekki í vegi fyrir þróun viðskipta.

Samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpinu taldi ESA að eldra frumvarp um Ríkisútvarpið sf. uppfyllti ekki kröfuna um að gera yrði skýran greinarmun á almannaþjónustuhlutverki RÚV og starfsemi sem væri viðskiptalegs eðlis, þ.m.t. að gera yrði kröfu um fjárhagslegan aðskilnað milli þessara tveggja rekstrarþátta í starfsemi RÚV. ESA gerði athugasemd við of víðtæka skilgreiningu á almannaþjónustuhlutverki RÚV í frumvarpinu. Þá gerði ESA athugasemd við víðtæka heimild menntamálaráðherra til að heimila stofnuninni þátttöku í nýjum verkefnum án frekari skilgreiningar.

Í svarbréfi íslenskra stjórnvalda til ESA í framhaldi af álitinu kom fram að íslensk stjórnvöld myndu taka mið af athugasemdunum sem fram hefðu komið og leitast yrði við að breyta frumvarpinu um Ríkisútvarpið sf. á þann veg að þrengd yrði skilgreining á almannaþjónustuhlutverki RÚV, tekin yrði upp skýr aðgreining milli almannaþjónustuskyldna og samkeppnisrekstrar stofnunarinnar, jafnframt því sem dregið yrði úr áhrifum ótakmarkaðrar ríkisábyrgðar með breytingu á rekstarformi í átt til félags með takmarkaða ábyrgð að öllu þessu leyti í eigu íslenska ríkisins.

Í greinargerðinni sem fylgdi með frumvarpinu kemur fram að reynt hafi verið að koma til móts við framangreind sjónarmið. Framangreint frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. varð að lögum nr. 6/2007.

Rétt er að benda á að við meðferð frumvarpsins gerði Samkeppniseftirlitið athugasemdir við þá samkeppnislegu mismunun sem af því leiddi að RÚV starfaði á markaði fyrir birtingu auglýsinga og markaði fyrir kostun í frjálsri samkeppni við aðra aðila jafnframt því að hafa tekjur af skattfé til að inna af hendi skilgreinda útvarpsþjónustu í almannaþágu. Setti Samkeppniseftirlitið fram tillögur um breytingar á lögnum sem komið hefðu í veg fyrir þessa mismunun. Engar breytingar voru þó gerðar á frumvarpinu vegna þessa.

3.



Í 1. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. nr. 6/2007 kemur fram að „Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins.“

Í 3. gr. laganna er fjallað um hlutverk RÚV. Þar segir að „hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. sé rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannabágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.“ Í 2. mgr. er síðan talið upp í 13. töluliðum hvað útvarpsþjónusta í almannabágu feli í sér. Í 2. tl. segir að hlutverk RÚV sé m.a. „að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru þjónustuefni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.“ Síðan segir í 7. tl. að hlutverk RÚV sé ennfremur „að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.“

Samkvæmt þessu er almannþjónusta, eins og hún er skilgreind í 3. gr. laganna um Ríkisútvarpið, mjög víðtæk og nær til flestrar þeirrar starfsemi sem rekstur sjónvarps- og útvarpsstöðvar felur í sér, hvort sem það er fréttþjónusta, framleiðsla á afþreyingarefni, rækt við íslenska arfleidd eða flutningur annars konar efnis.

4.

Samkeppnisyfirvöld hafa í eldri málum fjallað um rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins annars vegar og annarra ljósvakamiðla hins vegar og samspil samkeppnislaganna og laganna um Ríkisútvarpið.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2002, *Norðurljós samskiptafélag hf. gegn samkeppnisráði* sagði m.a. eftirfarandi:

„Um Ríkisútvarpið gilda nú lög nr. 122/2000. Samkvæmt 2. gr. laganna er Ríkisútvarpið sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Ríkisútvarpið hefur sérstökum skyldum að gegna umfram aðrar útvarpsstöðvar. Nánar er getið um þessar skyldur í lögnum, einkum 3.-5. gr. þeirra. Samkvæmt 10. gr. laganna hefur Ríkisútvarpið sjálfstæðan fjárhag en tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar eru megintekjustofnar þess gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða. Menntamálaráðherra staðfestir útvarpsgjald að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsstjóri staðfestir auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögum framkvæmdarstjóra fjármáladeildar.“

Af þeim ákvæðum sem nú hafa verið rakin er augljóst að öll þau atriði sem áfrýjandi nefnir varðandi rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins annars vegar og annarra ljósvakamiðla hins vegar og hann telur fela í sér viðskiptahindranir eru ákveðnar [svo!] í fyrrgreindum lögum nr.



122/2000. Þau fela í sér frávík frá því markmiði samkeppnislaga að efla virka samkeppni í viðskiptum. Frávíkin eru þó réttlætt með tilvísun til þeirra skyldna sem hvíla á Ríkisútvarpinu lögum samkvæmt. Lögin um ríkisútvarpið eru ótvírætt sérlög sem ganga framur samkeppnislögum."

Þessi sjónarmið eiga að breyttu breytanda um núgildandi lög um Ríkisútvarpið.

Í máli því sem hér er til umfjöllunar er deilt um títtnefndan samning sem RÚV og Árvakur gerðu við Capacent Gallup um gerð og birtingu vikulegra skoðanakannana á fylgi stjórnmalaflokkanna í aðdraganda alþingiskosninganna sl. vor. Í samningnum fólst sameiginleg þátttaka RÚV og Árvakurs í kostnaði vegna kaupa á nefndum skoðanakönnunum eins og nánar er gerð grein fyrir hér að ofan. Að mati Samkeppniseftirlitsins fellur gerð umræddra fylgiskannanna innan hins rúma almannþjónustuhlutverks RÚV eins og það er skilgreint í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Hvað varðar þátttöku Árvakurs í gerð fylgiskönnunarinnar er það mat eftirlitsins að miðað við fyrirliggjandi málavexti, þar með talið umfang og aðdraganda samningsins, þá raski hann ekki samkeppni með þeim hætti að tilefni sé til aðgerða á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga. Hins vegar vill Samkeppniseftirlitið taka fram að samstarf ríkisfyrirtækja við einkaaðila getur í vissum tilvikum raskað samkeppni og gefið tilefni til aðgerða ef slíkt samstarf veitir einkaaðilum óeðlilegt forskot í samkeppni. Þessi staða er hins vegar ekki uppi í þessu máli.

Í ljósi framangreinds telur Samkeppniseftirlitið að ekki sé tilefni til aðgerða í málinu.

Ákvörðunarorð:

„ Ekki eru forsendur til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins vegna máls þessa.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson



